

SAMANTEKT Á FRÆÐSLU GRUNNSKÓLADEILDAR 2023-2024.DOCX

Endurmenntun í öndvegi 2023 - 2024

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Námsvefur grunnskóladeildar	3
Í startholunum 2023 - Endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs	4
Mánudagur til menntunar	4
Ánægjukönnun	6
Fræðsla um persónuvernd og dreifingu kennsluhugbúnaðar	8
Vikupóstar	8
Könnun meðal kennara og stjórnenda	10

Inngangur

Undanfarin ár hefur grunnskóladeild staðið fyrir starfsþróunar- og endurmenntunarnámskeiðum fyrir kennara í grunnskólum Kópavogs. Aðaláherslan hefur verið á námskeið sem haldin eru í ágúst áður en skipulagsdagar skólanna hefjast. Tekist hefur að hafa námskeiðsframboðið fjölbreytt þar sem allir kennarar geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Námskeiðin eru orðin þekkt meðal kennara bæjarins undir heitinu "[Í startholunum - endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs](#)" Þegar Covid-19 heimsfaraldur skall á aðlagði starfsfólk grunnskóladeildar námskeiðin að breyttum aðstæðum og leitaði nýrra leiða til að halda úti endurmenntun og starfsþróun meðal kennara. Sú reynsla er áfram nýtt við framsetningu og framboð endurmenntunar deildarinnar.

Auk endurmenntunarframboðs grunnskóladeildar hefur verkefnastjóri á grunnskóladeild verið í samstarfshópi SSH undanfarin ár um símenntun og starfsþróun kennara á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar um áherslur og námsskeið er að finna á [fræðslusíðu](#) hópsins

Hér á eftir verður gerð grein fyrir endurmenntun og starfsþróun kennara á vegum grunnskóladeildar skólaárið 2023 – 2024.

Námsvefur grunnskóladeildar

Á tímum takmarkaðs skólastarfs brugðu nokkrir skólar á það ráð að opna námsvef fyrir nemendur sína þar sem þeir og foreldrar þeirra gátu sótt kennsluáætlanir, verkefni og hugmyndir að hreyfingu og tómstundum. Grunnskóladeild tók þessa skóla sér til eftirbreytni og opnaði [námsvef](#) fyrir endurmenntun grunnskóladeildar. Fyrst um sinn var vefurinn hugsaður sem utanumhald fjarfræðslu sem vera átti á endurmenntunardögum í ágúst. Þegar á hólminn var komið sá deildin fleiri möguleika með útgáfu veflægs aðgangs að endurmenntun og úr varð námsvefur sem heldur utan um lengri og skemmri fræðslu með fylgigögnum og upptökum, ásamt [fjarfundum](#) og umfjöllun um verkefni sem hlotið hafa [Kópinn](#) – viðurkenningu Menntaráðs. Ljóst er að námsvefur grunnskóladeildar er kominn til að vera, en huga þarf að því hvar eigi að staðsetja hann í samhengi við annað sem deildin er með veflægt og opið. Jafnframt er verið að skoða nýtingu Eloomi kerfisins sem mannauðsdeild nýtir fyrir rafræna fræðslu starfsfólks Kópavogsbæjar. Eloomi kerfið hefur ýmsa kosti til að styðja við starfsþróun einstaka starfsmanna.

Grunnskóladeild heldur úti þremur öðrum opnum vefsíðum, vefur fyrir [upplýsingatækni í skólastarfi](#), vefur með stuðningsefni fyrir kennara sem kenna [nemendum með annað móðurmál en íslensku](#) og námsefnisvef fyrir kennara um [stafræna borgaravitund](#). Námssefnisvefurinn mun færast á nýtt lén vorið 2025 - vitundin.is

Í startholunum 2023 - Endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs

Námskeiðin Í startholunum 2023 - fóru fram í ágúst mánuði dagana 8. - 14. ágúst. Námsframboðið var birt á vefsíðu líkt og árin á undan, til að kynna námskeiðin og veita aðgang að skráningum. Skráningar voru 477 í heildina og af þeim mættu 356 á námskeiðin. Skráningar voru mun fleiri en árið á undan sem taldi 396 skráningar. Heildarskráningu og fjölda mættra á námskeiðin 2023 má finna í töflu í **Viðhengi 1. bls. 13**

Hlutfall þeirra sem mættu á námskeiðin Í startholunum samkvæmt skráningu var um 75%. Breyttar aðstæður skráðra þátttakenda í sumarleyfi eru breyta sem oftast hefur hvað mest áhrif þegar kemur að mætingu, en sjálfsagt hefur veðurfar og það að fylgjast ekki með vinnunetpósti áhrif líka. Skráðir þátttakendur fá áminningu í upphafi ágústmánaðar með netpósti. Grunnskóladeild leitar leiða til að skuldbinda kennara meira eftir skráningu, en það virðist viðloðandi að afföll verða á mætingu skráðra þátttakenda.

Skólaráðstefna á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun fór fram 11. ágúst 2023 í Helgafellsskóla sem m.a. nokkrir starfsmenn grunnskóladeildar sóttu. Yfirskrift þeirrar ráðstefnu var *Upp úr hjólförum*.

Eftirfarandi námskeiðum var frestað fram í skólaárið eða aflýst vegna ónógrar þátttöku:
Persónuleg hæfni og Lesið í lifandi myndir.

Mánudagur til menntunar

Menntabúðir #Kópmennt er lærdómssamfélag kennara í Kópavogi. Skipulagðar eru nokkrar menntabúðir yfir skólaárið og skiptast skólarnir á að halda þær. Menntabúðirnar eru með frátekin endurmenntunartíma á stundaskrá á mánudögum milli klukkan 15:00 og 16:00 í samráði við skólastjórnendur. Reynsla er nú komin á að halda fræðslu á þessum tíma og er reynt að bjóða upp á endurmenntun alla mánudaga jafnt staðbundið sem rafrænt, en samkvæmt könnun sem gerð var meðal þátttakenda eftir fyrsta skólaár í heimsfaraldri sáu margir nýja möguleika til endurmenntunar með þátttöku í fjarfundi og telja það á stundum betri kost á starfstíma skóla af ýmsum ástæðum.

Kennarar og stjórnendur geta fylgst með skipulagi endurmenntunarframboðs sem er lifandi skjal í Google. Skjalið birtist á námsvef og í vikupósti þar sem tengill á skráningu til þátttöku birtist einnig. Framboð á rafrænni mánudagsfræðslu skólaárið 2023- 2024 sem nefnd hefur verið *Mánudagur til menntunar*, var mjög fjölbreytt eins og sjá má í eftirfarandi töflu. Miðað er við að fræðslan rúmist innan klukkustundar og oftast er góður tími fyrir samræður um efnið. Fræðslan er í sumum tilvikum tekin upp og birt á námsvef grunnskóladeildar ásamt meðfylgjandi glærum þannig að bæði þátttakendur og þeir sem ekki höfðu tæk á að sækja fræðsluna í rauntíma geta nýtt efnið eftir á.

Listi yfir fræðsluna og upplýsingar um aðsókn að námskeiðunum var með eftirfarandi hætti:

Mánudagur til menntunar í tölum 2023 - 2024				
	Dags.	Fj. þátttakenda	Upptaka	Glæru r
Nýir kennarar og spjalddölvur	21.8.2023	6		
Eftirlitsmyndavélar í skólastarfi	21.8.2023	11		
Canva hönnunarforrit	27.9.2023	48	x	
Steam áfangar í MB	4.9.2023	17	x	
Skólaþjónusta grunnskóladeildar	18.9.2023	38		
Eftirlitsmyndavélar í skólastarfi	18.9.2023	8		
Grunnnámskeið í One System	25.9.2023	8		
Frummat tengiliða	2.10.2023	15		
Eftirlitsmyndavélar í skólastarfi	5.10.2023	9		
Námsmat í skapandi verkefnum	9.10.2023	18	x	x
Fundargerðir í samþættri þjónustu í þágu farsældar barna	16.10.2023	30		
SIS mat	23.10.2023	11		
Leiðsagnarnám	31.10.2022	12	x	
Uppeldi til ábyrgðar	18.10.2023	36		
Áhugasviðsverkefnið "Kenndu mér"	23.10.2023	11	x	x
Nýir kennarar og spjalddölvur	30.10.2023	6		
Hver er ég?	30.10.2023	13	x	
Nemendastýrð viðtöl	6.11.2023	4		
Inngilding í skólastofunni	13.11.2023	9	x	
Húsaverkefnið	13.11.2023	3		
Námsveggir	20.11.2023	15	x	x
Uppeldi til ábyrgðar	23.11.2023	36		
Samskipti stúlkna	27.11.2023	0	x	x
Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna	4.12.2023	11		
Graphogame lestrarleikur	4.12.2023		x	x
Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna	11.12.2023			
Börn, áföll og sorg	15.1.2024	0		
Rafrænar beiðnir í ONE System	15.1.2024	11		
Kvíði barna og ungmenna	8.1.2024	11		
Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna	11.2.2024			
Árangursríkir samráðsfundir	26.2.2024	31	x	x
Menntabúðir #Kópmennt	12.2.2024	166		
Nýir kennarar og spjalddölvur	5.2.2024			
Krakkaspjall	22.1.2024	17	x	x
Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna	18.3.2024			
Skólaforðun	11.3.2024	43		
Menntabúðir #Kópmennt	8.4.2024	155		
Félagaspjall	4.3.2024	6		x
Gerð stuðningsáætlana	14.2.2024			
Gerð stuðningsáætlana	27.2.2024			

Unglingaspjall	15.4.2024	14	x	x
Stafræn borgaravitund	22.4.2024	20		
Gervigreind í skólastarfi	29.4.2024	43	x	
Uppskeruhátíðin Snjallir nemendur í Kópavogi 2024	6.5.2024	282		
Samtals þátttaka:		1174		

Fjöldi skráninga var eins sést hér að ofan **1174** talsins en þar af eru 603 skráningar vegna menntabúða og uppskeruhátíðar. Þegar horft er til skráninga utan menntabúða og uppskeruhátíðar eru það **213** starfsmenn sem tóku virkan þátt í Mánudegi til menntunar. Í grunnskólunum starfa um 500 kennarar og því má segja að tæplega helmingur þeirra hafi sótt fræðslu á einhverjum tímapunkti. Það er nokkur aukning frá fyrri skólaárum og verður vonandi áfram. Þar sem skráning á fjölda þátttakenda vantar er um að ræða fræðslu fyrir ákveðinn hóp starfsfólks leik- og grunnskóla sem fengu fundarboð. Fjöldi þátttakenda er því eitthvað hærri en tölurnar segja til um en breyta því ekki að nokkur aukning er á þátttöku fagfólks í Mánudegi til menntunar frá fyrri skólaárum.

Ánægjukönnun

Starfsfólk grunnskóladeildar lagði fyrir könnun um fjarfræðslu deildarinnar vorið 2021 meðal þátttakenda fræðslunnar í lok skólaársins sem gefa ákveðna mynd. Niðurstöður þeirrar könnunar eru um margt forvitnilegar. Að þessu sinni rifjum við upp eftirfarandi valin atriði úr könnuninni:

Efni mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um hvort efni mánudagsfræðslunnar væri í samræmi við væntingar þátttakenda svöruðu 75% þeirra að efnið hafi verið í nokkuð góðu samræmi við væntingar þeirra eða nánast í fullkomnu samræmi (23%) og aðrir í nokkuð góðu samræmi (52,7%).

Tímasetning mánudagsfræðslu

Þegar spurt var um tímasetningu mánudagsfræðslunnar voru svörin mjög dreifð en þó fannst um helmingur svarenda tímasetningin fullkomin eða nær fullkomin. Huga þarf að því við skipulag í stundaskrá að sem flestir komist á þessum tíma í fræðslu eða geti fengið sig lausa eftir kl. 15:00 á mánudögum.

24 (32,4%)	Fullkomin
22 (29,7%)	Nær fullkomin
19 (25,7%)	Hæfileg
5 (6,8%)	Ekki góð
4 (5,4%)	Alls ekki góð

Helstu gallar

Lítill hluti svarenda, aðeins 23 af 241 svöruðu spurningunni um helstu galla fræðslunnar. Við getum lært af þeim ábendingum, en spurningin var sett fram sem *opin spurning*.

Þátttakendum fannst erfiðara að halda einbeitingu. Níu aðilum fannst erfiðara að ná góðum umræðum og almennu spjalli en fjórir minntust á að finnast erfitt að hitta ekki aðra, eiga í samskiptum og mynda tengsl við aðra kennara (3). Minni stuðningur frá samstarfsfélögum á fjarfyrirlestrum var nefndur. Tveir minntust á að minna hefði verið um fyrirspurnir og að fólk væri meira til baka.

Hugmynd kom fram um að blanda aðferðum meira í endurmenntun og hafa fræðslu og heimsóknir með eftirfylgd. Aðrir gallar sem komu fram var að truflandi hefði verið að vera í skólastofunni sinni (man frekar að mæta ef ég á að fara út úr kennslustofu). Gagnrýni kom frá einstaka þátttakanda að fræðslan hafi verið lítið auglýst og að aðgengi námsvefsins þurfi að vera auðveldara. Að lokum kom fram að skuldbinding þátttakanda hefði kannski verið ábótavant þegar ekki þurfi að mæta á staðinn.

Helstu kostir

Það er sannarlega áhugavert að sjá þá kosti sem þátttakendur töldu helsta. Þeir sem oftast voru nefndir má sjá í neðangreindri töflu, en í löngum lista af svörum sáust greinilega þessir flokkar svara. Rétt er að taka fram að einungis 91 þátttakandi af 241 svöruðu spurningunni sem var *opin spurning*.

Tímasparnaður	22	Kemst frekar/oftar	3
Enginn ferðatími	12	Skilvirkni	2
Auðveldara að mæta	10	Sæki endurmenntun betur	2
Upptökur - sveigjanlegt áhorf	6	Óháð tíma	2
Bílastæði	5	Ódýrara	1
Fræðsla heima notaleg	5	Minni tafir	1
Gott / aukið aðgengi	5	Val um fræðslu	1
Minni fyrirhöfn	4	Góð leið til að ná til fólks	1
Meiri líkur á þátttöku	4	Alltaf jákvætt	1
Óháð stað	3	Horfa saman og ræða	1
Hlusta og vinna í leiðinni	3		

Þegar spurt var hvort þátttakendur mánudagsfræðslu vildu koma einhverju öðru á framfæri kom eftirfarandi samantekt í ljós:

- Meira svona!
- Takk fyrir fjölbreytt úrval námskeiða.
- Var að kenna og ganga frá kennslu á þessum tíma sem fræðslan er.
- Frábært og takk kærlega! Spennt fyrir komandi fræðslum.
- Gott að hafa svipað fyrirkomulag.

- Ég á erfitt með að meta fræðsluna vegna þess að ég var að kenna á mánudögum til kl. 15.30 þannig að ég gat illa tekið þátt eftir áramót. Fyrir áramót gat ég tekið þátt og gerði það nokkrum sinnum. Held að þessi fræðsla hafi í heild verið vel uppsett. Endilega haldið þessu áfram.
- Mér finnst þetta komið til að vera hvað endurmenntun varðar. Jafnvel þó aftur opnist á stað-fræðslu þá finnst mér að þetta megi vera í bland, ekki að fara alveg til baka í stað-fræðslu.
- Rock on og höldum áfram að þróast!
- Takk fyrir fræðsluna 😊
- Takk kærlega fyrir að setja þetta saman og vera með skemmtilega og áhugaverða fræðslu fyrir okkur.
- Of mikið tæknilegs eðlis, sakna kennslufræðilegrar verkefnavinnu sem hægt er að nýta áfram
- Ég sakna fræðslunnar, sem voru í skólunum. Það er svo frábært að hitta aðra kennara innan sveitarfélagsins;).
- Það mætti kenna á Bitsboard og fleiri slík forrit eins og gert var í Seesaw. Það var frábær kennsla í Seesaw. Mikill kostur að geta horft á upptökur eða glærur aftur. Einnig hef ég ekki séð kennslu í forritun fyrir unga nemendur.
- Er bara ánægð með þetta.
- Frábært fyrirkomulag að hafa rafræna fræðslu, væri gott að hafa staðfræðslu og rafræna fræðslu til skiptis.
- Fræðslur frá kennurum voru mjög góðar og umræðuvettvangurinn fyrir hvern árgang :)

Fræðsla um persónuvernd og dreifingu kennsluhugbúnaðar

Unnið er markvisst að því að koma fræðslu um persónuvernd og mati á kennsluhugbúnaði í fastar skorður fyrir starfsfólk grunnskóla. Á fyrra skólaári fóru verkefnastjóri og sérfræðingur í áhættugreiningu kennsluhugbúnaða fóru í alla grunnskóla bæjarins þar sem þau voru með fræðslu og leiðbeiningar fyrir alla kennara um persónuvernd og nýtt ferli umsókna um að fá að taka kennsluhugbúnað í notkun.

Fræðslan samanstóð af umfjöllun um hvers vegna við þurfum að fara varlega þegar kemur að kennsluhugbúnaði fyrir börn og hvaða ábyrgð því fylgir. Jafnframt var farið yfir dæmi um viðbrögð við áhættum, eftirfylgni með stillingum og mikilvægi að upplýsingar fyrir foreldra og kennara séu aðgengilegar. Dreifing á kennsluhugbúnaði í spjaldtölvur fer alfarið í gegnum Jamf kerfi í samræði við tæknistjóra spjaldtölva á UT deild, en innleiðing á Jamf hófst sumarið 2023 og var tekið upp í skrefum.

Þegar kennsluhugbúnaður er tekinn í notkun þarf að aðgengi að fræðslu að vera fyrir hendi fyrir bæði kennara og foreldra. Undirbúningur þess hófst á skólaárinu 2023 – 2024 og fyrstu skref tekin í formi örleiðbeininga

Vikupóstar

Grunnskóladeild hefur gefið út rafrænt [fréttabréf](#) vikulega frá því í janúar 2020. Ritstjóri er verkefnastjóri upplýsingatækni í skólastarfi. Fréttabréfin kom að góðum notum í fjarvinnu og sem tenging grunnskóladeildar við stjórnendur og fagfólk grunnskólanna. [Vikupóstarnir](#) nýtast til umfjöllunar um það sem hæst ber á góma hverju sinni með fréttum úr skólastarfi, kynningu á framboði á endurmenntun, kynningum á forritum og ábendingum um notkun þeirra í skólastarfinu, auglýsingar um viðburði og styrkumsóknir í sjóði svo dæmi séu tekin. Verkefnastjóri UT notast við forritið Smore til að vinna vikupóstana og getur þannig séð hversu margir opna/lesa fréttabréfið.

Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir útgáfudaga vikupóstanna skólaárið 2022 - 2023, helstu efnistök og hversu margir opnuðu útgáfuna.

Vikupóstar 2023 - 2024

Dags.	Yfyrskrift	Fjöldi sem opna
1.sept.22	Hvað lærðum við?	29
8.sept.22	Heimsóknir og app-kynningar í fjórum skólum	46
21.sept.22	Náttúran í Kópavogi	41
3.okt.22	Menntabúðir Hörðuvallaskóla	377
6.okt.22	Forvarnarvika og ferðatöskur	68
12.okt.22	Mánudagar til menntunar	119
20.okt.22	Hvað má?	55
26.okt.22	Náttúra Kópavogs	42
2.nóv.22	Talnalæsi og ýmislegt á döfinni í nóvember	84
9.nóv.22	Persónuvernd og öpp	41
16.nóv.22	Menntabúðir, áhugaverðir þættir um skólamál, netöryggi og fjölskyldusáttmáli	46
23.des.22	Börn, áföll og sorg	110
30.nóv.22	Communicator 5	86
30.nóv.22	Aðventan og kvikmyndir í skólum	99
7.des.22	Framundan þessa viku og á nýju ári!	57
1.feb.22	Netöryggi og ábyrg netnotkun	38
4.jan.23	Gleðilegt nýtt ár!	100
4.jan.23	Kynfræðsla og ný túlkapjónusta	71
18.jan.23	Netið og nemendur og samþætting þjónustu við börn	69
25.jan.23	Menntabúðir, gervigreind og þverfagleg þjónustuáætlun	63
1.feb.23	Kynheilbrigði í viku sex	71
7.feb.23	Miðlalæsisvika og alþjóðlegi netöryggisdagurinn	78
8.feb.23	Ófullnægjandi skólasókn	92
15.feb.23	Börn, áföll og sorg - samþætt þjónusta í þágu farsældar barna	100
28.feb.23	Þróunarsjóður leik- og grunnskóla og barnamenning	21
7.mar.23	Menntabúðir og framlengdur frestur á styrkumsóknum	46
15.mar.23	Matsskýrsla spjaldtölvuverkefnisins	58
29.mar.23	Hugmyndir fyrir heimilin	191
29.mar.23	Valgreinar og vorið	45
12.apr.23	Stóra upplestrarkeppnin og umsóknir um öpp	82
24.apr.23	Gleðilegt sumar!	32
3.maí.23	Vorverk og útivera	80
10.maí.23	Í startholunum fyrir haustið	164
	Opnanir vikupósta samtals:	2879
	Meðaltal:	87

Til samanburðar opnuðu að meðaltali 80,3 vikupóstana skólaárið á undan, en að þessu sinni var sérstakt fréttabréf tileinkað forvarnarvikunni þar sem vísað var í hagnýtt efni.

Vikupóstinum er dreift á póstlista kennara og skólastjórnenda, forstöðumanna frístunda og félagsmiðstöðva, ásamt póstlista Menntaráðs, bæjarstjóra, sviðstjóra Menntasviðs og deildarstjóra grunnskóladeildar. Stefnt er að því að endurskoða vikupóstinn og greina ósk starfsfólks skólanna á upplýsingum frá grunnskóladeild og með hvaða hætti starfsmenn kjósa að fá þær.

Könnun meðal kennara og stjórnenda

Könnun grunnskóladeildar á endurmenntunarþörf meðal faglærðs starfsfólks í grunnskólum Kópavogs og fyrirkomulagi þeirrar fræðslu var gerð í janúar 2023. Alls tóku 223 þátt í könnuninni sem var rafræn. Hér verður greint frá helstu niðurstöðum könnunarinnar.

Tímasetning

Langflestir svarendur vilja að endurmenntunin fari fram á starfstíma skóla eða 175. 63% fagfólks vill að fræðslan fari fram strax eftir kennslu og svipað hlutfall (63%) vill geta nýtt upptökur af fræðslu.

Fyrirkomulag

Þegar spurt var um fyrirkomulag fræðslunnar vilja 72,5% kennara hafa val um hvaða fræðslu þeir sækja. Stór hluti eða 61% nefndi *skólaheimsóknir* sem ákjósanlegan kost fyrir endurmenntun. 55,4% völdu *ráðstefnur* sem skólinn eða þeir sjálfir velja að sækja og 50% telja menntabúðir vera ákjósanlegan kost og 35% vilja sjá menntabúðir innan síns skóla.

Innihald námskeiða

Þegar spurt var um hvaða námskeið þau vildu helst sjá fyrir skólann og persónulega starfsþróun voru nokkur atriði sem voru nefnd í báðum flokkunum. Það eru einkum námskeið sem snúa að kennslu og skipulagi fyrir fjölbreyttan nemendahóp og samþættingu námsgreina sem fengu mest vægi.

Fyrir skólann og skólastarfið	Fyrir persónulega starfsþróun
<i>Skipulag kennslu í fjölbreyttum nemendahópi 50%</i>	<i>Skipulag kennslu í fjölbreyttum nemendahópi 50%</i>
<i>Fjölbreyttur nemendahópur 53,6%</i>	<i>Fjölbreyttur nemendahópur 53,6%</i>
<i>Fjölbreytt námsmat 42,3%</i>	<i>Fjölbreytt námsmat 29,5%</i>
<i>Bekkjarstjórnun 30%</i>	<i>Bekkjarstjórnun 33,2%</i>
<i>Samþætting námsgreina 41%</i>	<i>Samþætting námsgreina 41%</i>
<i>Kennsla orðaforða og lesskilnings 37,4%</i>	<i>Kennsla orðaforða og lesskilnings 30,8%</i>
<i>Félagsleg samskipti 36%</i>	<i>Félagsleg samskipti 25,4%</i>
<i>Samskipti í skólastarfinu 30%</i>	<i>Samskipti í skólastarfi 30%</i>
<i>Snillismiðjur/sköpunarsmiðjur 35%</i>	<i>Snillismiðjur/sköpunarsmiðjur 28,1%</i>
<i>Leiðsagnarmat 35%</i>	<i>Leiðsagnarmat 19,6%</i>
<i>Gerð kennsluáætlana fyrir fjölbreytta kennsluhætti 30%</i>	<i>Gerð kennsluáætlana fyrir fjölbreytta kennsluhætti 30%</i>
<i>Lestrarkennsla allan grunnskólann 34,2%</i>	<i>Lestrarkennsla allan grunnskólann 22,3%</i>

Námskeið fyrir persónulega starfsþróun

Einnig var spurt um hvaða námskeið þau myndu vilja sjá fyrir persónulega þróun í starfi og þá voru það líka námskeið sem tengjast skipulagi í fjölbreyttum nemendahópi sem voru efst á lista.

Námskeiðin eru:

Skipulag kennslu í fjölbreyttum nemendahópi 50%
Fjölbreyttur nemendahópur 53,6%
Fjölbreytt námsmat 29,5%
Bekkjarstjórnun 33,2%
Sambætting námsgreina 41%
Kennsla orðaforða og lesskilnings 30,8%
Félagsleg samskipti 25,4%
Samskipti í skólastarfi 30%
Snillismiðjur/sköpunarmiðjur 28,1%
Leiðsagnarmat 19,6%
Gerð kennsluáætlana fyrir fjölbreytta kennsluhætti 30%
Lestrarkennsla allan grunnskólann 22,3%

Annað sem nefnt var að væri gott að sjá framboð á er:

Hæfnimiðað námsmat 29,9%
Skyndihjálþ 29%
Heilbrigður lífstíll (jóga, matur, hreyfing, svefn, núvitund, kvíðastjórnun, að takast á við erfiðleika, álag...) 41,5%
Sorg og áföll 32,6%
Nemendur með annað móðurmál en íslensku 32%
 Þörf fyrir endurmenntun í stafrænni borgaravitund völdu 7,1% . Að vinna skólanámskrá í tengslum við stefnu sveitarfélagsins og menntastefnu ríkisins fékk sama vægi og 15,2% telja sig þurfa aðstoð við að velja hentug og örugg kennsluforrit fyrir nemendur sína.

Þátttakendur fengu tækifæri til að nefna fleiri námskeið eða fræðslu sem þau teldu æskilega fyrir það sem þau eru að vinna að. Til varð atriðalisti:

- Verkefnastjórnun
- Íþróttir og sund (2)
- Aukin stærðfræði
- Einelti og hvernig eigi að takast á við það
- Sjálfsvörn
- Enskukennsla
- Nýjungar í íslensku á unglingastigi
- Nemendur með annað móðurmál en íslensku 2
- Börn með kvíða, félagsfærni á ýmsan hátt
- Tónlist. Tónmennt og söngur í skólastarfi. Syngjandi skóli. sköpun og stafræn tækni í tónmennt (2) hljómsveitarstjórn og spuni
- Skapandi skil á verkefnum, skapandi starf og listir
- Félagsfærni í skólaumhverfinu
- Einhverfa (3) og ADHD (2)
- Kynfræðsla
- kvíði, skólaforðun
- Fyrsta hjálp
- Samþættingarverkefni á miðstigi, þemanám
- Samþætting list- og verkgreina við almenna kennslu
- Bókmenntir
- Snjallpennar og gerð eigin námsbóka í iPad
- Læra á Snillismiðjuna
- Textíl
- Rafræn verkefni
- Útikennsla
- Utís í NY
- Ritun
- Forritun

Þegar spurt var um hvaða *önnur fræðsla* til starfspróunar þátttakendur töldu mikilvæga myndaðist annar listi:

- Barnavernd
- Ofbeldi í nemendahópnum, viðbrögð
- Hönnun
- Samstarf allra innan skólans að vinna að vellíðan nemenda
- Uppbyggingarstefnan
- Bekkjarstjórnun og vinna með vellíðan og tilfinningaerfiðleika með nemendum
- Félagsfærni
- Fjölbreyttar kennsluáferðir
- Ísat nemendur
- Liðsheilid í starfsmannahópnum
- Sjálfsstyrking starfsmanns, efling í starfi
- Hvernig takast á við og koma í veg fyrir kulnun
- Útikennsla
- Kynfræðsla
- Einhverfa
- Hver verkmenntakennari sýndi og segði frá einu verkefni - hittingar
- Gervigreind
- Íþróttir og sund
- ADHD nemendur
- Skapandi skólastarf,
- lýðræði
- sjálfbærni
- Einstaklingsmiðað nám - áhugi og styrkleikar nem.
- Jákvæður agi
- Heimsóknir á milli skóla
- Öryggi á vinnustað
- Valdeflandi, styrkjandi fræðsla fyrir kennara. Að geta staðið með sjálfum sér í flóknu starfi.
- Skyndihjálp
- Bekkjarstjórnun í list- og verkgreinum
- Nemendastýrð foreldraviðtöl
- Gerð kennsluáætlaða m.t.t. Aðalnámskrár og Uppeldi til ábyrgðar
- Kvíðastjórnun - að vinna úr frammistöðukvíða nemenda.

Aðrar ábendingar sem komu fram:

- Mér finnst henta best að bjóða upp á rafræn námskeið á netinu sem kennarar gætu gengið í eftir þörfum. Ég held að námskeið nýtist best þegar kennarar ná að tengja það eigin kennslu hverju sinni. Það hefur hentað mér best að leita sjálfur eftir upplýsingum og námskeiðum sem tengjast því sem ég er að kenna hverju sinni. Mæli með rafrænum gagnabanka með námskeiðum og upplýsingum.

- Ekki er gert ráð fyrir list og verkgreinakennurum.
 - Oft er kennslan langt fram eftir degi og því ómögulegt að mæta á menntun á mánudegi. Gott væri að hafa þá val um að skoða verkefni í fjarkennslu.
 - Takk fyrir. Mjög þörf könnun.
 - Mætti líka vera spurning um námskeið sem þú hefur sótt og telur gagnleg.
 - Mætti huga betur að fræðslu fyrir íþróttakennara.
 - Mikilvægt er að teymi fari saman á fræðslu en ekki einn eða fáir úr teymi.
-

Starfsfólk grunnskóladeildar nýtir niðurstöður þessarar könnunar til að undirbúa framboð á endurmenntun skólaárið 2024 - 2025 og næsta skólaár þar á eftir. Ný könnun verður lögð fyrir í janúar 2025. Könnunin ásamt áætlun um nýbreytni- og þróunarverkefni í skólastarfi leggur grunn að umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla og framboðs endurmenntunar skólaárið á eftir.

Viðhengi 1

Samantekt þátttöku á ágútnámskeiðum menntasviðs Kópavogs 2023

	Álfhóllsskóli		Hörðuvallaskóli		Kársnesskóli		Kópavogsskóli		Lindaskóli		Salaskóli		Smáraskóli		Snælandsskóli		Vatnsendaskóli		Heildarskráning	Rauন্নæting	Hlutfall mættra miðað við skráningu
	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir	skráðir	mættir			
Uppeldi til ábyrgðar	1	1	0	0	16	14	10	6	2	1	2	3	1	0	0	0	3	2	35	27	77%
Fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir fjöruka krakka	9	6	2	1	10	9	5	3	2	2	4	3	5	2	4	4	3	2	44	32	73%
Pegar réttindi og velferð grunnskólabarna stangast á	1	1	1	1	1	1	4	4	0	0	0	0	1	1	2	2	0	0	10	10	100%
Skapandi tjáning á yngsta stigi	5	3	4	3	3	2	1	0	0	0	0	0	2	2	0	0	1	0	16	10	63%
Börn, sorg og áföll	3	3	3	3	0	0	0	0	18	17	3	2	1	0	2	1	6	5	36	31	86%
Leiðsagnarnám	5	5	1	1	4	3	7	7	1	1	6	5	0	0	2	2	2	2	28	26	93%
Atferlismótandi aðferðir í skólasterfi	11	9	3	1	8	5	7	5	6	5	6	5	5	3	2	0	3	3	51	36	71%
Sundkenntsla í viðum skilningi	4	4	0	0	4	4	0	0	3	2	0	0	0	0	0	0	0	0	11	10	91%
Kviðavandi barna frá sjónarhóli kennara	9	9	5	4	6	3	3	2	6	5	2	0	4	4	4	3	6	5	45	35	78%
Skólaforðun - snemmtækur stuðningur	9	8	2	0	4	2	0	0	5	4	2	2	4	2	0	0	2	2	28	20	71%
Samskipti stúlkna	10	8	7	5	11	6	4	1	4	2	0	0	4	3	1	0	6	5	47	30	64%
Gildi listgreinakenntslu	3	3	2	2	4	3	3	1	1	1	1	0	1	1	0	0	1	0	16	11	69%
Verkefna miðað þemanám	3	1	1	0	5	4	2	2	0	0	3	2	2	1	2	1	2	1	20	12	60%
Rafrænar leiðir um skólabjónustu	0	0	0	0	2	1	0	0	3	3	4	4	2	2	2	1	2	2	15	13	87%
Sambætt þjónusta: Frummat tengiliða	2	1	4	3	5	4	2	1	2	2	7	5	4	2	1	1	3	2	30	21	70%
Inngilding í kennslustofunni	8	6	2	2	4	3	4	3	1	1	0	0	3	0	1	0	1	1	24	16	67%
Það er gott að lesa í Kópavogi	6	5	2	2	3	2	1	1	1	0	3	3	2	0	0	0	3	3	21	16	76%
Samtals	89	73	39	28	90	66	53	36	55	46	43	34	41	23	23	15	44	35	477	356	75%
Hlutfall mættra miðað við skráningu		82%		72%		73%		68%		84%		79%		56%		65%		80%		75%	